

344. fundur sveitarstjórnar Bláskógabyggðar haldinn í Aratungu, Reykholti, miðvikudaginn 18. október 2023, kl. 09:00.

Fundinn sátu:

Helgi Kjartansson, Stefanía Hákonardóttir, Sveinn Ingi Sveinbjörnsson, Guðrún S. Magnúsdóttir, Guðni Sighvatsson, Anna Greta Ólafsdóttir, Jón Forni Snæbjörnsson og Ásta Stefánsdóttir.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

1. Fundargerð skipulagsnefndar - 2301013

267. fundur haldinn 11.10.2023. Afgreiða þarf sérstaklega liði nr. 2 til 8.

-liður 2, Íshellir í Langjökli; Skilgreining afþreyingar- og ferðamannasvæðis; Aðalskipulagsbreyting - 2304027

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar er varðar skilgreiningu nýs afþreyingar- og ferðamannasvæðis á Langjökli. Ferðaþjónustufyrirtæki sem starfrækt eru á svæðinu bjóða uppá jöklaferðir og vilja geta boðið upp á íshellaskoðun allt árið um kring með því að gera manngerða íshella í Langjökli. Nú þegar er eitt skilgreint svæði fyrir manngerðan íshelli á jöklinum. Samhliða aðalskipulagsbreytingunni verður gert nýtt deiliskipulag þar sem gerð verður grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum og settir fram skilmálar um landnotkun og landnýtingu, skilgreind lóð fyrir manngerðan íshelli sem verður nýttur til ferðaþjónustustarfsemi og vernd náttúru- og menningarminjar. Svæðið sem um ræðir fyrir íshellinn er innan þjóðlendu og er í um 1.100 m h.y.s. og er ofan jafnvægislínu í suðurhlíðum Langjökuls. Fyrirhugaður íshellir er alfarið utan hverfisverndaðs svæðis við Jarlhettur. Skipulagssvæðið er alfarið á jökli og er aðkoma að jöklinum eftir vegi F336 sem tengist vegi nr. 35, Kjalvegi, á Bláfellshálsi.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna skilgreiningar á afþreyingar- og ferðamannasvæði á Langjökli í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um uppfærslu gagna. Mælist sveitarstjórn til þess að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31 sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar.

-liður 3, Lindargata 8 (L201912); byggingarheimild; sumarhús - 2309087

Móttekin er umsókn þ. 23.09.2023 um byggingarheimild fyrir 128 m² sumarhúsi á sumarbústaðalandinu Lindargötu 8 L201912 í Bláskógabyggð.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa. Mælist sveitarstjórn til þess að öllum aðliggjandi lóðarhöfum við Lindargötu 8 verði grenndarkynnt málið.

-liður 4, Einiholt 1 land 1 L217088; Stækkun byggingarreita; Deiliskipulagsbreyting - 2110062

Lögð er fram tillaga er varðar breytingu á deiliskipulagi sem tekur til lóða Einiholts 1 lands 1 L217088 og Mels L224158 eftir auglýsingu. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit B-1 á lóðinni Melur og heimild til að byggja allt að 300 fm þjónustuhúsnæði innan stækkunar ásamt heimild til að stækka núverandi þjónustuhús fyrir rafbila úr 80 fm í 110 fm. Einnig er gert ráð fyrir stækkun á byggingarreit B-3 og heimild til að byggja allt að 300 fm þjónustuhúsnæði innan stækkunar. Auk þess er bætt við byggingarreit B-4 á spildunni Einiholt 1 land 1 þar sem byggja má allt að 800 fm þjónustuhúsnæði.

JS *SK*
ASm

JS
SK

H.K

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir framlagðar deiliskipulagsbreytingu eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

-liður 5, Úthlíð L167514; VP15 Breyttar heimildir; Aðalskipulagsbreyting - 2209074
Lögð er fram tillaga er varðar breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 innan jarðarinnar Úthlíðar eftir auglýsingu. Breytingin snýr að því að hluta verslunar- og þjónustusvæðisins verður breytt í afþreyingar- og ferðamannasvæði þar sem heimild verður fyrir hjólhýsasvæði og tjaldsvæði. Þá verður afmörkun verslunar- og þjónustusvæðisins breytt og byggingarheimildir uppfærðar. Í Úthlíð er mikil frístundabyggð og einnig ýmiss konar þjónustustarfsemi tengd henni. Markmiðið með breytingunni er að efla starfsemi og þjónustu í Úthlíð.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingarinnar og telur sveitarstjórn að brugðist hafi verið við umsögnum með fullnægjandi hætti innan greinargerðar skipulagsbreytingarinnar þar sem við á líkt og fram kemur innan kafla 6.3. Sveitarstjórn óskar eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

-liður 6, Haukadalur III; Frístundabyggð; Deiliskipulag - 2212020
Lögð er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til frístundasvæðis og golfvallar í landi Haukadals III eftir auglýsingu. Í skipulaginu felst skilgreining lóða og byggingarheimilda innan svæðisins. Skipulag vegna þess hefur áður hlotið málsmeðferð hjá sveitarstjórn 2003 sem ekki hefur tekið gildi með birtingu í B-deild. Er því uppfært skipulag lagt fram til afgreiðslu. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna eins og tiltekið er í kafla 8. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

-liður 7, Reykholt; Verslunar- og þjónustusvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2306088
Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar aðalskipulags Bláskógabyggðar 2015-2027 innan þéttbýlisins í Reykholti. Á Skólavegi 1 í Reykholti er starfrækt 40 herbergja hótél og er stefnan að stækka það í 120 herbergi á þremur hæðum. Gatan Tungurimi hefur verið hönnuð og var færð um 15 m til norðvesturs, landnotkun og lóðir umhverfis götuna eru aðlagðar að breyttri legu hennar. Þá verður gamla leikskólanum á Reykholtubrekku 4 breytt úr samfélagsþjónustu í verslunar- og þjónustusvæði. Lögð eru fram uppfærð gögn frá fundi skipulagsnefndar þar sem nýtingarhlutfall á Skólavegi 1 er hækkað úr 0,4 í 0,6 auk þess sem gert er ráð fyrir heimild fyrir stækkun á leikskóla.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

-liður 8, Úthlíð 1 L167180; Frístundabyggð svæði 5a; Deiliskipulag - 2302034
Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi sem tekur til hluta frístundabyggðar í landi Úthlíðar 1 L167180 eftir auglýsingu og yfirferð Skipulagsstofnunar. Innan svæðisins sem deiliskipulagið tekur til eru lóðir við göturnar Djáknahlíð, Djáknaveg, Djáknabrúnir, Mosabrúnir og Mosaskyggni. Á svæðinu er deiliskipulag í gildi og við gildistöku þessa skipulags fellur úr gildi sá hluti sem tekur við framlagðs deiliskipulags innan núgildandi deiliskipulags, samhliða er því lögð fram óveruleg breyting á deiliskipulagi sem tekur til svæðisins. Skipulagsstofnun gerði athugasemdir við gildistöku skipulagsins og eru þær athugasemdir lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt samantekt andsvara og uppfærðra gagna.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og afgreiðslu Skipulagsstofnunar. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögn sem barst vegna málsins með fullnægjandi hætti innan uppfærðra deiliskipulagsgagna og samantektar á athugasemdum, viðbrögðum og rökstuðningi sem lögð eru fram við afgreiðslu málsins. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Gögnin verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr.

Fundargerðin var lögð fram til kynningar hvað aðra liði varðar.

2. Fundargerð framkvæmda- og veitunefndar - 2301008

42. fundur haldinn 16.10.2023. Aafgreiða þarf sérstaklega lið nr. 6.

-liður 6, 2310026, endurnýjun fráveitu Bjarkarbraut og Laugarbraut, Laugarvatni. Kristófer A. Tómasson, sviðsstjóri, kom inn á fundinn undir þessum lið og kynnti málið. Sveitarstjórn samþykkir að gerður verði viðauki vegna kostnaðar við verkið sem er heppilegt að verði unnið samhliða lagningu göngustígs um Lindargarð. Kostnaður nemur alls kr. 17.129.000.

Fundargerðin var lögð fram til kynningar hvað aðra liði varðar.

3. Fundargerð æskulýðsnefndar - 2301007

13. fundur haldinn 06.10.2023, ásamt tillögu að reglum um skilti í íþróttamannvirkjum.

-liður 1, 2310044, reglur um skilti í íþróttamannvirkjum. Sveitarstjórn felur verkefnastjóra Heilsueflandi samfélags/íþrótt- og tómstundafulltrúa og sveitarstjóra að ganga frá reglunum til birtingar með hliðsjón af tillögum nefndarinnar.

Fundargerðin var lögð fram til kynningar hvað aðra liði varðar.

4. Fundargerðir stjórnar Bergrisans bs - 2301027

62. fundur haldinn 28.08.2023

63. fundur haldinn 18.09.2023

Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar.

5. Fundargerð heilbrigðisnefndar Suðurlands - 2301018

231. fundur haldinn 05.10.2023

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

6. Fundargerð stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga - 2301020

208. fundur haldinn 15.09.2023

209. fundur haldinn 28.09.2023

Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar.

7. Aðalfundur UTU bs - 2310012

Fundargerð aðalfundar sem haldinn var 11.10.2023 ásamt ársskýrslu.

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

8. Fundargerð stjórnar UTU bs - 2301022

103. fundur haldinn 09.10.2023

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

9. Fundargerð framkvæmdaráðs almannavarna - 2301023

3. fundur haldinn 28.09.2023

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

10. Fundargerðir stjórnar Brunavarna Árnessýslu - 2301024

Handwritten signatures and initials:
- Top right: *argh*
- Middle right: *AKB*
- Bottom left: *AS*
- Bottom center: *SK*
- Bottom center: *Gsm*
- Bottom right: *H.K*
- Bottom right: *2325*
- Bottom right: *JF*

- 11. fundur haldinn 12.09.2023
- 12. fundur haldinn 12.09.2023
- 13. fundur haldinn 03.10.2023

Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar.

11. Fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa - 2301014

192. fundur haldinn 04.10.2023

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

12. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2301026

934. fundur haldinn 29.09.2023

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

13. Verkefni byggðapróunarfulltrúa - 2306042

Samstarf við SASS um byggðapróun.

Byggðapróunarfulltrúi, Lína Björg Tryggvadóttir, kom inn á fundinn, ásamt Ásborgu Arnþórsdóttur og kynntu þær hlutverk byggðapróunarfulltrúa, og atvinnu- og ferðamálatengd verkefni.

14. Frístundastyrkir 2024 - 2310008

Fjárhæð frístundastyrkja fyrir árið 2024

Farið var yfir reglur um frístundastyrk frá árinu 2022. Sveitarstjórn samþykkir að frístundastyrkur fyrir árið 2024 verði 50.000 kr.

15. Jafnlaunavottun viðhaldsúttekt - 2310010

Niðurstöður viðhaldsúttektar jafnlaunavottunar

Lögð var fram fundargerð rýnifundar stjórnenda, kynning á niðurstöðum jafnlaunaúttektar og úttektarskýrsla.

Jafnlaunavottunarskírteini Bláskógabyggðar verður endurnýjað. Launagreining var gerð á maí launum og voru frávik 1,1% konum í hag. Fylgni var 96,5%.

16. Kvennaverkfall 2023 - 2310027

Bréf aðstandenda kvennaverkfalls til fyrirtækja og stofnana, ásamt tölvupósti formanns FOSS, dags. 12.10.2023 og leiðbeiningum Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 12.10.2023.

Framangreind gögn voru lögð fram ásamt tölvupósti sveitarstjóra til stjórnenda, dags. 16. október s.l. Bláskógabyggð mun gera konum sem óska eftir að taka þátt í kvennaverkfalli kleift að gera það án þess að það hafi áhrif á störf þeirra eða laun. Mikill meirihluti starfsmanna Bláskógabyggðar eru konur og vinnuframlag þeirra er sveitarfélaginu mikilvægt og styður það við réttindabaráttu þeirra. Stjórnendum hefur verið falið að kynna starfsmönnum framangreint og gera viðeigandi ráðstafanir í samræmi við þann mannafla sem verður við störf. Ljóst er að loka þarf nokkrum stofnunum og að starfsemi annarra verður skert og verða foreldrum kynntar þær breytingar sem verða á starfi leik- og grunnskóla og aðrar breytingar á starfsemi sveitarfélagsins verða auglýstar.

17. Útvarstekjur og framlög Jöfnunarsjóðs 2023 - 2303018

Yfirlit yfir útvarstekjur og framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Lagt var fram yfirlit yfir útvarstekjur og framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir janúar til september.

Handwritten signatures and initials:
AS, SS, HIK, JFS, GSM
2326

18. Milliuppgjör 2023 - 2310001

Árshlutauppgjör, 7 mánuðir

Lagt var fram óendurskoðað milliuppgjör fyrir fyrstu sjö mánuði ársins. Uppgjörið sýnir jákvæða rekstrarniðurstöðu A og B-hluta sveitar sjóðs. Staða á handbæru fé er með þeim hætti að draga má úr áætluðum lántökum ársins. Verður það metið í viðauka við fjárhagsáætlun í nóvember.

19. Námsvist utan lögheimilissveitarfélags - 2310029

Beiðni um samþykki fyrir því að tveir nemendur með lögheimili í Bláskógabyggð stundi nám utan lögheimilissveitarfélags.

Sveitarstjórn samþykkir beiðni um námsvist barna sem hafa lögheimili í Bláskógabyggð í grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu. Miðað verði við viðmiðunarreglur og gjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna námsvistar utan lögheimilissveitarfélags. Kostnaður rúmast innan fjárhagsáætlunar.

20. Rekstrarleyfisumsókn Engjagil 4 L204526 - 2306010

Erindi Lögfræðistofu Reykjavíkur, dags. 13.10.2023, þar sem krafist er breytingar á þeirri afstöðu sveitarstjórnar að leggjast gegn útgáfu rekstrarleyfis vegna Engjagils 4.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að láta taka saman minnisblað vegna málsins.

21. Barnaþing 2023 - 2310035

Erindi Umboðsmanns Alþingis, dags. 13.10.2023, þar sem boðað er til Barnaþings 2023.

Erindið var lagt fram til kynningar.

22. Styrkumsókn Kúbbssins Stróks - 2310037

Erindi Klúbbssins Stróks, dags. 10.10.2023 þar sem óskað er eftir styrk til reksturs starfseminnar.

Sveitarstjórn samþykkir að veita 50.000 kr styrk til starfsemi klúbbssins. Kostnaður rúmast innan fjárhagsáætlunar.

23. Styrkbeiðni Sjóðsins góða - 2310038

Styrkbeiðni Sjóðsins góða, dags. 03.10.2023, þar sem óskað er eftir styrk vegna úthlutana fyrir jólin 2023.

Sveitarstjórn samþykkir að styrkja verkefnið um 50.000 kr. Kostnaður rúmast innan fjárhagsáætlunar.

24. Styrkbeiðni Mímis vegna söngkeppni - 2310039

Erindi Mímis, nemendafélags ML, dags. 02.10.2023, þar sem óskað er eftir styrk vegna söngkeppni skólans.

Bláskógabyggð samþykkir að veita styrk í formi endurgjaldslausra afnota á íþróttahúsinu á Laugarvatni vegna keppinnar. Kostnaður rúmast innan fjárhagsáætlunar.

25. Fjárhagsáætlun 2024 og 2025-2027 - 2308018

Fjárhagsáætlun 2024, yfirferð yfir nokkra liði

Sveitarstjóri fór yfir áætlun fyrir nokkra málaflokka aðalsjóðs.

Handwritten signatures and initials at the bottom right of the page, including "LS", "SS", "GSM", "H.K.", "2327", and "HFS".

26. Afnot af hverasvæði á Laugarvatni og kaup á heitu vatni - 2204016

Erindi Fontana, dags. 02.10.2023, varðandi nýtingu hverasvæðis og kaupa á heitu vatni vegna fyrirhugaðrar stækkunar.

Í erindinu er óskað eftir fundi með fulltrúum sveitarfélagsins. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að boða til fundarins.

27. Lóðarumsókn Borgarrími 9, Reykholti - 2310041

Umsókn Geysisholts ehf um lóðina Borgarríma 9, Reykholti

Lóðin hefur verið auglýst laus til umsóknar og ein umsókn borist. Umsóknin er gerð með fyrirvara um að gerð verði breyting á skipulagi í þá veru að lóðinni verði breytt úr parhúsaloð í raðhúsaloð, 3ja íbúða.

Sveitarstjórn samþykkir að úthluta lóðinni til umsækjanda og að unnin verði tillaga að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar.

28. Styttning vinnutíma - 2310042

Umræða um fyrirkomulag vinnutímastyttingar í skólastofnunum.

Umræða varð um málið. Stjórnendur leik- og grunnskóla hafa leitað eftir því við sveitarstjórn að vinnutímastytting verði útfærð með öðrum hætti en verið hefur. Sveitarstjórn leggur áherslu á að stofnanir sveitarfélagsins leiti allra leiða í styttingu vinnuvikunnar þannig að þjónusta og gæði skerðist ekki og að hugmyndir að vinnustyttingarfyrirkomulagi skólanna séu unnin í samráði og samvinnu við foreldra.

29. Stefnumótun stjórnvalda um skipulagsmál - 2308001

Erindi Innviðaráðuneytisins, dags. 26.09.2023, þar sem vakin er athygli á því að Hvítbók um skipulagsmál er til umsagnar.

Umsagnarfrestur er til 31. október nk.

Oddvita og sveitarstjóra er falið að vinna að umsögn.

30. Þingsályktunartillaga um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 - 2310034

Erindi Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 12.10.2023, þar sem send er til umsagnar tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024 til 2028, 315. mál.

Umsagnarfrestur er til 26. október nk.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar ítrekar fyrri umsögn um málið þar sem tekið er undir markmið og áherslur sem lagðar eru fram í samgönguáætlun en þar kemur fram að samgöngur eigi að vera greiðar, öruggar, hagkvæmar og umhverfislega sjálfbærar auk þess að þær stuðli að jákvæðri byggðaþróun. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar leggur áherslu á að þeir fjármunir sem lagðir eru í samgönguframkvæmdir séu vel nýttir og hugað verði að umferðarálagi við forgangsöröðun verkefna. Taka þarf inni þá forgangsöröðun umferðarálag, íbúafjölda, fjölda frístundahúsa á svæðum og aðsókn að vinsælum ferðamannasvæðum. Í þessum sambandi leggur sveitarstjórn Bláskógabyggðar áherslu á að viðhaldi stofnvega á Gullna hringnum verði vel sinnt en á Gullna hringnum eru m.a. fjölsóttustu ferðamannastaðir landsins Þingvellir, Geysir og Gullfoss.

Í þessari samgönguáætlun er gert ráð fyrir að Biskupstungnabraut verði færð suður fyrir Geysi og að ný brú verði byggð yfir Tungufljót á tímabilinu 2029 til 2033. Í ljósi þess álags sem nú er og þeirrar fjölgunar ferðamanna sem áætluð er í nðinni framtíð og að um fjölförnustu einbreiðu brú landsins er að ræða leggur sveitarstjórn Bláskógabyggðar áherslu á að þessi framkvæmd verði færð frammar í forgangsöröðun samgönguframkvæmda.

Ánægjulegt er að sjá að uppbygging Kjalvegjar er kominn á áætlun, þótt sveitarstjórn vilji sá það verkefni komast fyrir í framkvæmd.

Þá fagnar sveitarstjórn Bláskógabyggðar að sérstök áhersla sé lögð á að leggja bundið slitlag

Handwritten signatures and initials: L8, SK, H.K., Gsm, 2328, HES

á tengivegi, í því samhengi leggur sveitarstjórn mikla áherslu á að Einholtsvegur (358) verði lagður bundnu slitlagi sem allra fyrst.

Mikilvægt er að hugað verði að umferðaröryggi á vegum á Suðurlandi, sem eru fjölförnustu vegir í þjóðvegakerfinu með mikið umferðarálag allan ársins hring og tilheyrandi slit á vegum. Umferðaröryggi á fjölförnustu svæðunum á Suðurlandi verður ekki leyst með jarðgöngum og því ljóst að leggja verður áherslu á aðra þætti, svo sem reglulegt viðhald og uppbyggingu vegakerfisins, fækkun einbreiðra brúa og öruggar leiðir fyrir alla umferð, þá sem ferðast akandi og aðra.

31. Frumvarp til laga um Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, 238. mál. - 2310036

Erindi Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis, dags. 10.10.2023 þar sem sent er til umsagnar frumvarp til laga um Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, 238. mál.

Umsagnarfrestur er til 24. október nk.

Frumvarpið var lagt fram til kynningar.

32. Aðalskipulagsbreytingar Reykjavíkur 2023 - 2303034

Erindi deildarstjóra aðal- og svæðisskipulags Reykjavíkurborgar, dags. 12.10.2023, varðandi drög að aðalskipulagsbreytingu er varðar skotíþróttasvæði á Álfsnesi.

Umsagnarfrestur er til 02.11.2023.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við aðalskipulagsbreytinguna.

33. Skipulagsdagurinn 2023 - 2310040

Boð á Skipulagsdaginn 2023 sem haldinn verður 19. október n.k.

Fundarboðið var lagt fram til kynningar.

34. Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands 2023 - 2310030

Boð á aðalfund Heilbrigðiseftirlits Suðurlands 2023

Fundarboðið var lagt fram til kynningar.

35. Breytingar á skipan heilbrigðiseftirlits - 2310043

Skýrsla um breytingar á skipan heilbrigðiseftirlits.

Skýrslan var lögð fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 11:55.


Helgi Kjartansson


Stefanía Hákonardóttir

  
Gsm 2329 

Sveinn I. Sveinbjörnsson
Sveinn Ingi Sveinbjörnsson

Guðrún S. Magnúsdóttir
Guðrún S. Magnúsdóttir

Guðni Sighvatsson
Guðni Sighvatsson

Anna Gréta Ólafsdóttir
Anna Gréta Ólafsdóttir

Jón Forni Snæbjörnsson
Jón Forni Snæbjörnsson

Ásta Stefánsdóttir
Ásta Stefánsdóttir